

Kunningjakona okkar Jóns Pálssonar.
Eftir Hannes á horninu. V.S.V.
Krían kemur! Viðtal við Jón Pálsson.
Alþýðublaðið, 18. maí 1944.

61

Fimmtudagur 18. maí 1944.



Kunningjakonan okkar Jóns Pálssonar — Þessi hvít-
klædda með svarta hattinn og rauðu varirnar. — Starf-
ið í borginni og fyrir hana — og íbúa hennar.

JÚN ER komin gamla, síunga konan“, sagði Jón Pálsson við mig á krossmessu, er hann hringdi til mín. „Hver er hún, Jón?“ spurði ég. „O, þessi kunningi okkar beggja. Þessi hvítklædda, með svarta hattinn og rauðu varirnar.“ „Nú, já“. Ég var í hálfgerðum vandræðum. Ég var meiri aulinn, að muna ekki eftir þessari gömlu, síungu vinkonu, sem við Jón ættum saman, að hans sögn. Hún hlaut að vera að austan.

ÉG ÞAGÐI svolitla stund til þess að reyna að fá Jón til þess að komu upp um sig svo að ég kann-
aðist við konuna. Og þá sagði hann: „Og hún hringaði yfir hólmanum kát og fjörug og gargandi að líta eftir því, hvort allt væri nú í lagi, hvort að við hefðum ekki svikist um að undirbúa komu hennar. Ég held að henni hafi líkað vel.“ Og þá skyldi ég loksins hvað Jón átti við. Hann var að tala um kríuna, eiganda eða leigjanda Tjarnarhólms á sumrum, en svona talar þessi aldni dýra og náttúru vinur um vinnu sína. Í huga hans eru þetta eins merkilegar lífverur og við sem göngum upprétt á tveimur hérna um strætin. Og hann veit það. Hann hefir lífsreynsluna.

JÁ, KRÍAN kemur alltaf á flutningsdaginn, 14. maí — og löngu áður er Jón Pálsson önnu kafinn við að undirbúa komu hennar og geta veitt henni höfðinglegar og móttökur. Það hefir hann einnig verið í vor. Og hann er búinn að laga til hólmann. „Það má ekki svíkja gömlu konuna“, sagði hann við mig um daginn — við vorum að koma af fundi. „Við erum búnir að undirbúa komu hennar. Mér líkar vel við Bolla bæjarverkfræðing. Hann hefir hjálpað mér mikið. Þetta er elskulegur maður. Sá, sem elskar fuglalífið í borginni, hann elskar áreiðanlega borgina sjálfa.“

JÓN PÁLSSON elskar fuglana okkar. Hann stofnaði fuglavinafélagið Fönix með smádrengjum. Hann kenndi drengjunum að hjálpa

og hlúa að fuglunum á Tjörninni, og mér er kunnugt um að Jón er hrifinn af þessu starfi. Drengirnir hafa ekki brugðist honum. Hann hefir séð þá að starfi. Jón hefir á mörgum undanförunum árum hugsað um þetta og lagt bæði fram mik-
starf og fé í þessu skyni. Við Reyk-
víkingar stöndum í þakkarskuld við hann og drengina hans fyrir það.

Á UNDAFÖRUNUM ÁRUM hefir verið unnið allmikið að því að fegra Reykjavík. Það er mjög gott starf. Mér finnst að það miði í áttina, þó að seint gangi, og vil ég taka fram, að það, hvað seinlega gengur að breyta borginni í fegurri borg en áður var, er ekki einungis að kenna þeim, sem þessum málum eiga að ráða heldur ekki síður almenningi, sem á, að því er virðist ákaflega erfitt með að læra að ganga vel um. Það er hálfgerð Kleppsvinna að vinna sama verk-
ið upp hvað eftir annað vegna skemmdarfýsnar og hirðuleysis þeirra sem eiga að njóta umbótanna.

EN ÞETTA Hafa, til dæmis garðyrkjuráðunautar bæjarins orðið að gera undanfarin ár. Þetta er ljótur blettur á okkur Reyk-
víkingum. Ég er ekki hrifinn af refsingum og dómum, en það segi ég satt, að skemmdarvörgum og hirðulausum mönnum, sem í hugsunarleysi og af bjálfaskap eyðileggja það, sem er verið að gera til fegurðarauka í borginni, vil ég ekki láta hlífa.

ÉG VIL BENDA Á, að það er ekki aðeins garðana okkar og göt-urnar og umhverfið sem þarf að hugsa um og prýða, heldur þarf líka að hlúa að fuglunum okkar, íbúnum og gestunum í bænum, sem flöggra fyrir gluggana okkar og syngja okkur stundum í svefn og vekja okkur á morgnana. Þetta er Jón Pálsson alltaf að gera og þetta getum við líka öll gert. Ef við gerum það verður líf okkar sjálfra líka gleðiríkara og auðugra.

Hannes á horninu.